

## EFTIRLITSSKÝRSLA

### Eftirlit með HIV/eyðni í Evrópu 2011 Samantekt

Árið 2011 var tilkynnt um 28 038 HIV greiningar af ESB/EES löndunum, en það er hlutfall upp á 5,7 á hverja 100 000 íbúa. Löndin fjögur með hæstu tíðni HIV greininga árið 2011 voru Eistland (27,3), Lettland (13,4), Belgía (10,7) og Bretland (10,0). Lægstu tilkynntu hlutföllin voru í Tékklandi (1,5) og Slóvakíu (0,9). Frá upphafi HIV faraldursins hefur verið tilkynnt um 420 564 greiningar í ESB/EES löndunum, þar af voru 297 388 í karlmönnum og 119 977 í kvenmönnum (í 3199 tilvikum voru upplýsingar um kyn ekki fyrir hendi).

Hæsta hlutfall HIV greininga voru tilkynningar um kynlíf milli karlmannna (39%), og í kjölfarið fylgdi gagnkynhneigt smit (23%) þegar smit með uppruna sinn í Afrikulöndum fyrir neðan Sahara höfðu verið tekin út. Hið síðarnefnda stóð fyrir 13% viðbótartilvikum af smiti milli gagnkynhneigðra. Í 19% tilvikanna var smitleiðin óþekkt.

Hlutfall HIV greininga á hverja 100 000 íbúa virðist hafa haldist frekar stöðugt í áranna rás, en hlutfallið var 6,5 á hverja 100 000 íbúa árið 2004 (27 996 tilvik) og 6,2 á hverja 100 000 (30 960 tilvik) árið 2011 þegar tekið hafði verið tillit til seinkunnar á tilkynningum. Þróun smithátta sýnir að fjöldi HIV greininga meðal karlmannna, sem stunda kynlíf með karlmönnum, hefur aukist um 33% frá árinu 2004. Hins vegar hefur tilvikum sprautufikla fækkað um 40%, þrátt fyrir að greina mætti örlitla aukningu árið 2011 vegna faraldra í Grikklandi og Rúmeníu. Fjöldi HIV greininga vegna gagnkynhneigðs smits, smits frá móður til barns og blóðgjafa fækkaði stöðugt á milli áranna 2004 og 2011.

Árið 2011 voru upplýsingar um CD4 frumutalningu á tíma greiningar til staðar frá 21 landi hjá 15 625 tilvikanna (56% allra tilkynntra tilvika árið 2011). Af þeim, var helmingur þeirra (49%) tilkynntur sem sein greining (CD4 frumutalning  $<350/\text{mm}^3$ ), þar á meðal voru 29% tilvika með langt gengna HIV sýkingu (CD4  $<200/\text{mm}^3$ ). Hlutfall seinna greininga var hæst meðal gagnkynhneigðra smittilvika frá Afrikulöndum fyrir neðan Sahara (63%) og á meðal sprautufikla (48%). Lægsta hlutfall seinna greininga mátti sjá meðal karlmannna, sem stunduðu kynlíf með karlmönnum (38%), og í tilvikum smita frá móður til barns (21%).

Árið 2011 voru 4424 alnæmitilvik greind og tilkynnt af 28 ESB/EES löndum (engin gögn bárust frá Svíþjóð eða Liechtenstein), sem er hlutfall upp á 0,9 tilvik á hverja 100 000 íbúa. Hæsta hlutfallið var tilkynnt af Lettlandi (4,8), Portúgal (2,8), Spáni (1,8) og Eistlandi (2,8). Í ESB/EES hefur fjöldi alnæmitilvika stöðugt fækkað frá miðjum tíunda áratug síðustu aldar.

## Niðurstöður

Nýju eftirlitsniðurstöðurnar gefa til kynna að fjöldi fólks með eyðniveiruna í Evrópu fari vaxandi og að eyðniveiran sé mjög samþjöppuð í lykilþýði, svo sem á meðal karlmanna, sem stunda kynlíf með karlmönnum, sprautufíkla og einstaklinga frá löndum þar sem eyðniveiran er landlæg, aðallega löndum Afríku fyrir neðan Sahara. Nýjasta aukning á HIV meðal sprautufíkla gaf til kynna að jafnvel lágar tölur í ESB/EES geti breyst hratt yfir í faraldur þegar aðgerðir í lýðheilsuárum eru ófullnægjandi.

Hið tiltölulega háa hlutfall á seinum greiningum í mörgum löndum gefur til kynna töf á HIV prófum og eru margir einstaklingar þegar hæfir til meðferðar þegar þeir fá greiningu. Mikið meðferðarframboð hefur víkkað markmið HIV eftirlitsins svo nú tekur það einnig til eftirlits með aðgengi að umönnun og meðferð. Þörf er á bæta aðgang að og hefja meðferð fyrr, einkum hjá lykilþýði, um alla Evrópu.

Aðgerðir til þess að hafa stjórn á faraldrinum þurfa að byggja á gögnum og laga þarf þær að innlendri og staðbundinni faraldursfræði. Af eftirlitsgögnunum, sem kynnt eru í skýrslunni, má draga eftirfarandi niðurstöður:

- Fyrir flest lönd í ESB/EEA eru aðgerðir til þess að koma í veg fyrir og hafa stjórn á HIV meðal karlmanna, sem stunda kynlíf með karlmönnum, lykilþáttur í viðbrögðum þeirra. Til viðbótar, þar sem tilkynnt var um meira en þriðjung gagnkynhneigðra HIV tilvika í einstaklingum frá löndum þar sem HIV er landlægt (aðallega frá Afrikulöndum fyrir neðan Sahara), þurfa löndin að tryggja að aðgerðir til forvarna, meðferðar og þjónustu séu aðgengilegar fyrir þessi farandþýði. Hin sýnilega aukning á HIV tilvikum meðal sprautufíkla mörgum löndum\* sýnir þörfina á því að auka aðgerðir til þess að draga úr skaða í ESB/EES.
- Efla þarf HIV þjónustu á sviði ráðgjafar- og prófana um alla Evrópu og gera hana aðgengilega til þess að tryggja fyrri greiningar og tímabært upphaf á HIV meðferð og umönnun. Það mun leiða til betri niðurstaðna í meðferð auk klínísks ávinnings auk þess sem það stuðlar að því að koma í veg fyrir eða draga frekar úr HIV smiti. Jafnt aðgengi að HIV forvörnum, prófum, meðferð og umönnun fyrir alla þjóðfélags hópa sem á þurfa að halda ætti að vera tryggt til þess að lönd geti náð alheimsmarkmiðinu<sup>†</sup> um almennt aðgengi fyrir alla þá sem þurfa.

\* Pharris A, Wiessing L, Sfetcu O, Hedrich D, Botescu A, Fotiou A, et al. Eyðniveiran í sprautufíklu í Evrópu í kjölfar tilkynninga um aukningu á fjölda tilvika í Grikklandi og Rúmeníu 2011. Euro Surveill. 2011;16(48):pii=20032. Aðgengilegt á Netinu: <http://www.eurosurveillance.org/ViewArticle.aspx?ArticleId=20032>

<sup>†</sup> Pólitísk yfirlýsing um HIV/alnæmi – ályktun allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna 60/262. New York, Sameinuðu þjóðirnar, 2006.